

Sláturfélag Suðurlands svf.

Ársreikningur samstæða

Janúar - júní 2006

Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1
110 Reykjavík
kt. 600269-2089

Sláturfélag Suðurlands svf.

Ársreikningur samstæða

Janúar - júní 2006

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-16

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og eigenda í Sláturfélagi Suðurlands svf.

Við höfum kannað árshlutareikning samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess Reykjarðs hf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2006. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Árshlutareikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á árshlutareikningnum á grundvelli könnunarinnar.

Við könnuðum árshlutareikninginn eftir þeim alþjóðlegu endurskoðunarstöðlum sem við eiga þegar um könnun er að ræða. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga könnuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að árshlutareikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Könnun felur einkum í sér fyrirspurnir til starfsmanna félagsins, greining á helstu liðum árshlutareikningsins, auk samanburða á kennitölum. Könnun veitir því minni vissu um árshlutareikninginn en þegar um endurskoðun er að ræða. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum því slíkt álit ekki í ljós á árshlutareikningnum.

Könnun okkar leiddi ekki annað í ljós en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2006, efnahag hennar 30. júní 2006 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2006, í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 18. ágúst 2006

Deloitte hf.

Halldór Arason,
endurskoðandi

Arnór Eggertsson,
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Árshlutareikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2006 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Sláturfélags Suðurlands og dótturfélags þess, Reykjaráðs hf. sem Sláturfélagið á 51% hlut í.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur tap samstæðunnar á tímabilinu janúar - júní 2006 25 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar í júnílok 3.243 millj.kr., bókfært eigið fé í júnílok er 1.493 millj.kr. og eiginfjárhlutfall samstæðunnar er 46%.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars sl. var í aprílmánuði greiddur 14,5% arður af B-deild stofnsjóðs, alls kr. 26,1 millj.kr. og reiknaðir 14,5% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 29,5 millj.kr.

Að álitum stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands svf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í júnílok, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. staðfesta hér með árshlutareikning samstæðu félagsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. ágúst 2006

Stjórn

Jónas Jónsson,
formaður

Aðalsteinn Guðmundsson

Hallfreður Vilhjálmsson

Hreiðar Grímsson

Sigurlaug Jónsdóttir

Forstjóri

Steinþór Skúlason

Rekstrarreikningur janúar - júní 2006

	Skýr.	2006 jan.-júní	2005 jan.-júní	2005 jan.-des.
Rekstrartekjur	3	2.258.774	2.218.407	4.866.460
Aðrar tekjur		16.610	18.175	27.915
Vöru- og umbúðanotkun		(1.126.902)	(1.175.039)	(2.500.364)
Laun og tengd gjöld	4	(578.127)	(520.134)	(1.178.678)
Annar rekstrarkostnaður		(381.485)	(357.675)	(800.362)
Afskriftir	9	(111.378)	(106.621)	(220.452)
Rekstrarhagnaður		77.492	77.113	194.519
Fjármunatekjur	5	44.736	37.311	91.882
Fjármagnsgjöld	6	(186.305)	(72.353)	(140.314)
Hagnaður af sölu hlutabréfa	10	5.296	126.726	184.907
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	10	11.736	2.947	12.453
(Tap) hagnaður fyrir aðra liði		(47.045)	171.744	343.447
Tekjuskattur	7	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu	2	22.295	10.223	9.985
(Tap) hagnaður tímabilsins		(24.750)	181.967	353.432
Hagnaður á hlut				
(Tap) hagnaður á hverja krónu útistandandi .. stofnsjóða	8	(0,06)	0,47	0,92

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	30.06.2006	31.12.2005
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	2.298.882	2.246.592
Eignarhlutar í félögum	10	65.076	67.904
Skuldabréfaeign	12	43.237	40.995
		<u>2.407.195</u>	<u>2.355.491</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	13	462.117	688.187
Skuldabréfaeign		14.093	6.422
Viðskiptakröfur	14	324.062	312.577
Aðrar skammtímakröfur	14	21.383	4.028
Handbært fé	14	14.466	211.008
		<u>836.121</u>	<u>1.222.222</u>
Eignir		<u>3.243.316</u>	<u>3.577.713</u>

30. júní 2006

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	30.06.2006	31.12.2005
Eigið fé			
Stofnsjóður A-deild		226.957	203.677
Stofnsjóður B-deild, hlutafé	15	180.074	180.074
Yfirverðsreikningur hlutafjár		159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður		85.343	85.343
Annað eigið fé		834.046	914.438
	15	<u>1.485.531</u>	<u>1.542.643</u>
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga	2	7.656	29.952
Eigið fé		<u>1.493.187</u>	<u>1.572.595</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Langtímaskuldir	16	1.172.441	1.310.954
Eftirlaunaskuldbinding	17	49.100	49.100
		<u>1.221.541</u>	<u>1.360.054</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	18	60.533	49.157
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	18	91.586	307.355
Næsta árs afborganir langtímaskulda	18	376.469	288.552
		<u>528.588</u>	<u>645.064</u>
Skuldir		<u>1.750.129</u>	<u>2.005.118</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>3.243.316</u></u>	<u><u>3.577.713</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi janúar - júní 2006

	Skýr.	2006 jan.-júní	2005 jan.-júní	2005 jan.-des.
Rekstrarhreyfingar				
(Tap) hagnaður tímabilsins	15	(24.750)	181.967	353.432
Afskriftir	9	111.378	106.621	220.452
Verðbætur og gengismunur eigna og skulda		157.450	8.515	(1.903)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna	10	(11.739)	(2.947)	(12.453)
Söluhagnaður fastafjármuna		(4.129)	(140.536)	(193.433)
Aðrir liðir		(22.295)	(10.223)	(10.785)
Veltufé frá rekstri		205.915	143.397	355.310
Vörubirgðir, lækkun		226.070	363.489	192.369
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, (hækkun)		(37.395)	(50.064)	60.924
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, (lækkun)		(207.214)	(79.581)	56.536
Handbært fé frá rekstri		187.376	377.241	665.139
Fjárfestingahreyfingar				
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	9	(166.466)	(105.735)	(321.984)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		1.631	188.960	52.615
Breyting á eignarhlutum í félögum	10	2.885	0	213.937
Arður frá hlutdeildarfélögum	10	16.976	2.446	2.446
Skuldabréfacign, breyting		(7.663)	7.094	(1.686)
		(152.637)	92.765	(54.672)
Fjármögnunarhreyfingar				
Skammtímalán við lánastofnanir, breyting		11.376	(202.077)	(248.473)
Nýjar langtímaskuldir		292.013	15.329	79.949
Afborganir langtímaskulda		(502.308)	(182.364)	(262.881)
Stofnsjóðsgreiðslur A-deild	15	(6.251)	(7.545)	(8.715)
Keypt B-deildar stofnsjóðsbréf		0	(86)	(86)
Arður af stofnsjóði B-deildar	15	(26.111)	(25.060)	(25.060)
		(231.281)	(401.803)	(465.266)
(Lækkun) hækkun handbærs fjár		(196.542)	68.203	145.201
Handbært fé í upphafi árs		211.008	65.807	65.807
Handbært fé í lok rekstrartímabils		14.466	134.010	211.008

Skýringar

1. Starfsemi

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag, í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa. Félagið starfar á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Sláturfélagsins skv. samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnassýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

Tilgangur félagsins er skv. samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins.

Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísi. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi matvæla.

Sláturfélag Suðurlands svf. er með höfuðstöðvar að Fosshálsi 1, Reykjavík. Að Fosshálsi eru skrifstofu, markaðs- og söludeildir ásamt dreifingu á öllum framleiðsluvörum félagsins og innflutningi. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi. Félagið rekur slátruhús á Selfossi ásamtúrbeiningu á kjöti og þökkunarstöð.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir janúar - júní 2006 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) sem staðfestir hafa verið af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem eru í ársreikningi.

Við gerð samstæðureikningsins þurfa stjórnendur í samræmi við góða reikningsskilavenju að gefa sér forsendur og framkvæma ýmis mót sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld tímabilsins. Raunveruleg verðmæti kunna að vera með öðrum hætti en mat stjórnenda.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir birtar í þúsundum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að veltufjáreignir eru færðar á gangvirði. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Samstæða

Árshlutareikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Dótturfélag Sláturfélags Suðurlands svf. er Reykjaragður hf. sem m.a. rekur kjúklingaslátruhús og kjötvinnslu á Hellu. Eignarhluti Sláturfélagsins í Reykjaragði hf. er 51%.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í árshlutareikningnum.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun þeirra með því að taka þátt í ákvörðunartöku um fjármála- og rekstrarstefnu. Árshlutareikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárstöðu hlutdeildarfélaga.

Skýringar

Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Félagið er með framvirka gjaldmiðla- og valréttarsamninga í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu en þeir fela í sér skuldbindingar um gjaldeyrisviðskipti á föstu gengi. Einnig er félagið með vaxtaskiptasamninga. Breytingar á gangvirði afleiðusamninga eru færðar í rekstrarreikning. Áhætta félagsins gagnvart innheimtu viðskiptakrafna er metin eðlileg, en viðskiptakröfur eru niðurfærðar til að mæta kröfum sem kunna að tapast.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

/

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Útreikningur tekjuskatts byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu. Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti. Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söliverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

Skýringar

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Skuldabréf í eigu samstæðunnar eru viðskiptabréf vegna rekstrar, en ekki markaðs- eða fjárfestingaverðbréf.

Birgðir

Afurðabirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði og framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Rekstrarvörur og aðrar birgðir eru eignfærðar á kostnaðarverði. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok rekstrartímabilsins, eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Kaupréttarsamningar

Samstæðan hefur ekki gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn eða aðra aðila tengda rekstrinum.

3. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir mörkuðum:

	2006 jan. - júní	2005 jan. - júní
Sala innanlands	2.228.860	2.162.248
Sala erlendis	29.914	56.159
	<u>2.258.774</u>	<u>2.218.407</u>

Skýringar

4. Launamál

	2006	2005
	jan. - júní	jan. - júní
Laun	480.602	427.879
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	97.525	92.255
	<u>578.127</u>	<u>520.134</u>

5. Fjármunatekjur

	2006	2005
	jan. - júní	jan. - júní
Vaxtatekjur	40.470	33.292
Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign	3.818	3.419
Arður af hlutabréfaeign	448	600
	<u>44.736</u>	<u>37.311</u>

6. Fjármagnsgjöld

	2006	2005
	jan. - júní	jan. - júní
Vaxtagjöld	(3.041)	(11.939)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(87.572)	(56.998)
Gengismunur	(95.692)	(3.416)
	<u>(186.305)</u>	<u>(72.353)</u>

7. Skattamál

Ekki er reiknaður tekjuskattur á rekstrartímabilinu vegna tapreksturs og vegna yfirfæranlegs skattalegs rekstrartaps hjá samstæðunni. Tekjuskattsinneign er ekki reiknuð.

8. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hverja krónu útistandandi stofnsjóða er reiknaður miðað við þær forsendur að A- og B-deildar stofnsjóðir í lok júní eru lagðir saman og frá eru dregin eigin bréf Sláturfélagsins í B-deildinni. Samanlögðum stofnsjóðum er deilt upp í afkomu viðkomandi rekstrartímabils.

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innréttingar	Bifreiðir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	2.796.193	2.009.775	146.999	4.952.967
Eignfært á árinu	72.566	81.581	12.319	166.466
Selt og aflagt á tímabilinu	0	0	(10.946)	(10.946)
Staða í júnílok	2.868.759	2.091.356	148.372	5.108.487
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	1.268.000	1.365.157	73.218	2.706.375
Afskrift ársins	42.471	63.182	5.725	111.378
Selt og aflagt á tímabilinu	0	0	(8.148)	(8.148)
Staða í júnílok	1.310.471	1.428.339	70.795	2.809.605
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	1.528.193	644.618	73.781	2.246.592
Bókfært verð í júnílok	1.558.288	663.017	77.577	2.298.882
Afskriftarhlutföll	2-4%	12-20%	8-15%	

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Fasteignir og lóðir	1.500.708	3.637.097
Vélar og tæki, eignatryggingar		1.713.570
Aðrar lausafjártryggingar		62.007
Rekstrarstöðvunartrygging		1.565.046

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum að eftirstöðvum 1.044 millj.kr. í júnílok 2006.

10. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Reykjagarður hf, Reykjavík	51,00%	99.811	Sala á kjúklingum
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:			
Hollt & Gott ehf., Reykjavík	50,00%	8.000	Sala á salati
Ísfugl ehf., Mosfellsbær	30,00%	4.982	Sala á kjúklingum
Guldfoss AS, Danmörku	100,00%	6600 dkr.	Sala á lambakjöti í Danmörku

Hagnaður af félögum sem tekin eru sem hlutdeildarfélög nam 11,7 millj.kr. á rekstrartímabilinu. Starfsemi Guldfoss AS er óveruleg. Arður frá hlutdeildarfélögum nam 17,0 millj.kr. á tímabilinu janúar - júní 2006.

Eignarhlutar í öðrum félögum er eignfærður á kostnaðarverði. Sláturfélagið seldi á tímabilinu hlutabréf fyrir 12,9 millj.kr. og keypti hlutabréf fyrir 10,0 millj.kr.

Skýringar

11. Eignarhlutar í félögum

	30.06.2006	31.12.2005
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	62.509	64.453
Eignarhlutar í öðrum félögum	2.567	3.451
	<u>65.076</u>	<u>67.904</u>

12. Skuldabréfaeign

Greining á skuldabréfaeign:

	30.06.2006	31.12.2005
Staða í ársbyrjun	46.918	43.947
Ný bréf á tímabilinu	2.500	17.800
Innborganir á tímabilinu	(2.179)	(16.170)
Verðbætur	2.249	1.341
Staða í lok tímabilsins	49.488	46.918
Næsta árs afbörgun	(6.251)	(5.923)
	<u>43.237</u>	<u>40.995</u>

Yfirlit yfir skuldabréfaeign:

	Vextir í %	30.06.2006	31.12.2005
Verðtryggt bréf	4,1-8,0%	45.496	42.532
Óverðtryggt bréf	10,0-17,5%	3.992	4.386
Staða í lok tímabilsins		<u>49.488</u>	<u>46.918</u>

13. Vörubirgðir

	30.06.2006	31.12.2005
Afurðir, vörur í vinnslu og fullunnar vörur	272.638	530.966
Rekstrarvörur	53.249	65.689
Ýmsar birgðir	136.230	91.532
	<u>462.117</u>	<u>688.187</u>
Tryggingaverðmæti birgða	462.117	688.187

Skýringar

14. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	30.06.2006	31.12.2005
Innlendar viðskiptakröfur	358.249	346.764
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(34.187)	(34.187)
	<u>324.062</u>	<u>312.577</u>

Aðrar skammtímakröfur

	30.06.2006	31.12.2005
Fyrirframgreiddur kostnaður	9.264	1.445
Aðrar kröfur	12.119	2.583
	<u>21.383</u>	<u>4.028</u>

Handbært fé

	30.06.2006	31.12.2005
Sjóður og bankainnstæður	14.466	211.008
	<u>14.466</u>	<u>211.008</u>

15. Eigið fé

Stofnsjóður B-deild greinist þannig:

	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok	100,00%	200.000
Eigin hlutir í árslok	-9,96%	(19.926)
	<u>90,04%</u>	<u>180.074</u>

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Stofnsjóður A-deild	Stofnsjóður B-deild	Yfirverðsreikn- ingur hlutfjár	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé
Eigið fé 1.1.2005	200.358	180.160	159.111	50.000	633.443
Stofnsjóðsinnngreiðslur A-deild	5.446				(12)
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(12.947)				
Vextir af stofnsjóði A-deildar	10.820				(12.022)
Keypt bréf í B-deild stofnsjóðs		(86)			
Arður af stofnsjóði B-deildar					(25.060)
Hagnaður ársins					353.432
Tillag í varasjóð				35.343	(35.343)
Eigið fé 31.12.2005	<u>203.677</u>	<u>180.074</u>	<u>159.111</u>	<u>85.343</u>	<u>914.438</u>
Stofnsjóðsinnngreiðslur A-deild	1.241				1
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(6.291)				
Vextir af stofnsjóði A-deildar	28.331				(29.533)
Arður af stofnsjóði B-deildar					(26.111)
Tap tímabilsins					(24.750)
Eigið fé 30.06.2006	<u>226.958</u>	<u>180.074</u>	<u>159.111</u>	<u>85.343</u>	<u>834.045</u>

Skýringar

16. Langtímaskuldir

Yfirlit yfir langtímaskuldir:

	Vextir í %	30.06.2006	31.12.2005
Skuldir í CHF	2,9-3,4%	210.935	128.679
Skuldir í USD	6,7-7,3%	179.034	130.699
Skuldir í EUR,	4,4-4,9%	135.934	154.149
Skuldir í JPY	1,6-2,2%	107.277	64.738
Skuldir í GBP	6,2-6,5%	44.603	57.115
Skuldir í myntkörfu	1,6-7,3%	34.634	27.832
		712.417	563.212
Verðtryggð lán í ÍSK	2,3-8,8%	836.493	836.294
Óverðtryggð lán í ÍSK		0	200.000
		1.548.910	1.599.506
Næsta árs afborganir langtímaskulda		(376.469)	(288.552)
Langtímaskuldir í lok tímabilsins		1.172.441	1.310.954

Langtímaskuldir greinast þannig:

	30.06.2006	31.12.2005
Skuldir við lánastofnanir	1.479.270	1.533.414
Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga	35.954	30.238
Skuldir við aðra	33.686	35.854
	1.548.910	1.599.506

17. Eftirlaunaskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við fyrrverandi starfsmenn félagsins. Miðað við 3% vexti er núvirði eftirlaunaskuldbindingar 49,1 millj.kr. og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Samkvæmt útreikningum á eftirlaunaskuldbindingu ná greiðslur á henni allt til ársins 2017.

18. Aðrar peningalegar skuldir

Skuldir við lánastofnanir

	30.06.2006	31.12.2005
Skammttímaskuldir við banka	57.813	0
Áfallnir vextir langtímalána	2.720	49.157
	60.533	49.157

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

	30.06.2006	31.12.2005
Viðskiptaskuldir	134.893	387.099
Viðskiptareikningur innleggjanda	(176.769)	(214.212)
Samþykktir víxlar	9.962	12.878
Ógreitt vegna launa og tengdra gjalda	32.497	30.925
Ógreitt vegna virðisaukaskatts	80.543	74.759
Ýmsar skuldir	10.460	15.906
	91.586	307.355

Skýringar

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	30.06.2006	31.12.2005
Skuldir við lánastofnanir	352.010	269.278
Fjármögnunarleigusamningar	18.366	14.464
Aðrar langtímaskuldir	6.093	4.810
	<u>376.469</u>	<u>288.552</u>

19. Ábyrgðir og önnur mál

Samstæðan er með framvirka gjaldmiðla- og valréttarsamninga í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu, en þeir fela í sér skuldbindingar um gjaldeyrisviðskipti á föstu gengi. Einnig er samstæðan með vaxtaskiptasamninga. Gjaldmiðlasamningar í júnílok 2006 eru að verðmæti um 337 millj.kr.

Samstæðan hefur gert rekstrarleigusamninga vegna bifreiða sem ekki eru færðir í efnahagsreikning. Eftirstöðvar samninganna í júní 2006 nemur 18,5 millj.kr. og koma um 10,4 millj.kr. til greiðslu á næsta ári.

20. Samþykki árshlutareiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundinum þann 18. ágúst 2006.